

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Reykjavík, 6.12.2023
UST202301-266/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 31. október 2023 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar, Fáskrúðsfirði þann 4. október 2023. Þann 1. desember barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 2.24 í starfsleyfi. Efni í efnageymslu voru án viðeigandi lekavarna.** Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að keyptar hafi verið fleiri lekabyttur og að öll mengandi/fljótandi efni í efnageymslunni séu komin með viðunandi lekavörn. Sömmuleiðis sýru- og sápuvíttar annars staðar. Það sé á áætlun til lengri tíma að skoða að útbúa lekavarnarþró fyrir afrennsli efnageymslunnar. Rekstraraðili sendi mynd úr efnageymslu til að sýna fram á að úrbætur hafi verið gerðar.
- Gr. 3.2 í starfsleyfi. Fita, svífefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar var ekki mælt árið 2022.** Skv. rekstraraðila hefur verið hert á vinnureglum. Mælt var í frárennsli verksmiðjunnar í ár.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius,

lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur